



Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 8. apríl 2021

Efni: Frumvarp til laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki (varanleg hækkun), 544. mál

Samtök iðnaðarins (SI) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki (varanleg hækkun). Í maí 2020 stigu stjórnvöld og Alþingi stórt skref í auknum stuðningi við nýsköpun með því að efla skattahvata vegna rannsókna og þróunar. Ríkisstjórnin á hrós skilið fyrir þessar aðgerðir á tímum efnahagsóvissu og þingheimur allur fyrir mikinn stuðning við þær. Í umsögn SI við 726. mál (2020) kom m.a. eftirfarandi fram:

SI fagna eindregið auknum stuðningi við nýsköpun og telja að með þeim aðgerðum sem hafa verið kynntar séu líkur auknar á því að atvinnugreinar sem byggja á hugviti og nýsköpun geti sótt fram í þeim efnahagsþrengingum sem við blasa og veitt kröftuga viðspyrnu til skemmri og lengri tíma og þannig verði aukið við fjölbreytni í atvinnulífi og útflutningsgreinum.

Breytingar þessar hafa nú þegar haft mikil áhrif enda er um að ræða jákvæða efnahagslega hvata til fjárfestingar í nýsköpun á forsendum markaðarins. Fjölmörg dæmi eru um fyrirtæki í hugverkaiðnaði sem réðust strax í auknar fjárfestingar í rannsóknum og þróun í kjölfar hækkunar á endurgreiðslum. Hafði það í för með sér að ný, verðmæt störf urðu til. Fjárfesting í nýsköpun í dag er jafnframt ávísun á verðmætasköpun í framtíðinni. Jákvæð teikn eru á lofti í hugverkaiðnaði sem hefur alla burði til að vaxa og dafna. Í greiningu sem SI gáfu út 2. desember 2020 var hugverkaiðnaður, fjórða stoðin í gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins, skilgreindur nánar. Hugverkaiðnaður skapaði um 158 ma.kr. í útflutningstekjur árið 2020, eða tæplega 16% af gjaldeyristekjum þjóðarbúsins. Var greinin sú þriðja stærsta í gjaldeyrisöflun á síðasta ári á eftir sjávarútvegi og ál- og kísiljárnframleiðslu.

SI styðja umrætt frumvarp eindregið enda skiptir máli að fyrirtæki sem stunda nýsköpun búi við fyrirsjáanleika. Í nýrri skýrslu samtakanna, Hlaupum hraðar, sem gefin var út samhliða lönþingi í mars sl. eru settar fram 33 tillögur að umbótum sem miða að því að hraða uppbyggingu efnahags- og atvinnulífs. Í nýsköpunarkafla þeirrar skýrslu leggja SI til að breytingar á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki verði gerðar ótímabundnar. Markmiðið með því er eins og áður segir að skapa fyrirsjáanleika í rekstri fyrirtækja og gera þeim kleift að gera langtímaáætlanir um þróunarverkefni.

Virðingarfyllst,

Sigríður Mogensen
sviðsstjóri iðnaðar- og hugverkasviðs SI